

Alþingi  
Erindi nr. Þ 127/1542  
komudagur 26.3.2002

Landbúnaðarnefnd Alþingis  
Einar Farestveit  
nefndarritari  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 26. mars 2002  
2002030031/016-1  
JGO/hj

### Frumvarp til laga um landgræðslu (heildarlög)

Vísað er til bréfs landbúnaðarnefndar, dags. 18. mars sl. þar sem óskað er eftir álitum á frumvarpi til laga um landgræðslu (heildarlög).

Náttúrufræðistofnun Íslands telur að þetta frumvarp feli í sér verulegar bætur á löggjöf um landgræðslumál þegar á heildina er litið. Í frumvarpinu er áhersla m.a. lögð á að færa verkefni og eftirlit til sveitastjórna og þeim gert að gera áætlanir um uppgræðslu. Mikilvægt er einnig að ábyrgð á landi er færð í ríkari mæli en áður yfir á þá sem nota landið.

Helstu gallar frumvarpsins virðast vera af tvennum toga. Í fyrsta lagi er lítið tillit tekið til Ríðsamningsins um líffræðilega fjölbreytni og þeirra skuldbindinga sem hann hefur í för með sér og ber að taka tillit til við setningu landgræðslulaga (sbr. t.d. 6., 7. og 8. gr. samningsins). Í öðru lagi virðist Landgræðslan öðlast óeðlilega víðækt hlutverk verði frumvarpið samþykkt óbreytt. Stofnunin mun þá annast rannsóknir og þróunarstarf (RALA núna), vakta land, meta land og landnýtingu, annast framkvæmdir, meta eigin verk og árangur af þeim og dæma í málum er varða landnotendur. Að mati Náttúrufræðistofnunar er hér um mjög óeðlilega stjórnsýslu að ræða, sem ætti að laga.

Helstu athugasemdir Náttúrufræðistofnunar við einstakar greinar frumvarpsins eru eftirfarandi:

#### 2. grein

liður 2. Skilgreining á hugtakinu "ástand lands" er nokkuð loðin og óljóst við hvað er miðað þegar vísað er til "eðlilegs ástands miðað við náttúrulegar aðstæður". Í greinargerð hefði þurft að skýra þessa skilgreiningu betur en hér er gert.

liður 4. Óljóst er einnig hvað átt er við með orðunum "dregur úr líkum á endurheimt vistkerfa" í skýringum á hugtakinu "jarðvegsrof".



liður 5. Skilgreining á hugtakinu "landgræðsla" er mjög víðfeðm og þyrfti að afmarkast betur. Sérstaklega þegar litið er til þess að öll landsvæði þar sem unnið er að landgræðslu teljast "landgræðslusvæði", sbr. 6. lið.

### 3. grein

Hér er það skilyrði sett, að landgræðslustjóri skuli hafa háskólamenntun í landgræðslu. Náttúrufræðistofnun telur óeðlilegt að setja svo strangt skilyrði, nægja ætti að gera kröfu um menntun í náttúrufræðum.

### 4. grein

liður 1. Við lið 1 ætti að bæta eftirfarandi orðum: "...og í samræmi við alþjóðlega samninga og lög er lúta að náttúruvernd". Með því má leysa þann vanda að í frumvarpinu er ekki vísað til þeirra margvíslegru skuldbindinga sem felast í Ríósamningnum um líffræðilega fjölbreytni og lúta að landgræðslumálum.

liður 8. Hér er lagt til að Landgræðslan fái það nýja hlutverk að stunda rannsókn- og þróunarstarf. Engin rök eru færð fyrir því í greinargerð og óljóst hvort verið sé að breyta hlutverki Rannsóknastofnunar landbúnaðarins á þessu sviði eða hvort um viðbót sé að ræða. Skýra ætti hvaða rannsóknum og þróunarstarfi Landgræðslunni sé ætlað að sinna.

### 5. grein

Náttúrufræðistofnun telur að þessi grein sé til verulegra bóta þar sem frumkvæði er flutt til þeirra sem nota landið. Stofnunin telur þó að gera ætti kröfu um lágmarksmenntun landgræðslufulltrúa (3. mgr.), sbr. t.d. kröfur sem gerðar eru til sambærilegra starfa í nágrannaríkjum.

### 8. grein

Styrkja ætti 2. mgr., sem nú er mjög óljóst orðuð og nær of skammt. Lagt er til að málsgreinin hljóði svo: "Við vöktun samkvæmt þessari grein skal taka tillit til laga nr. 44/1999 um náttúruvernd og alþjóðlegra samninga á sviði landgræðslu og náttúruverndar".

### 9. grein

Í skýringum við greinina er sagt að þegar fyrirhuguð séu samstarfsverkefni beri að hafa í huga að mikilvægt sé að kostnaðaráætlun liggi fyrir. Það er ekki síður mikilvægt að verkefnin séu vel skilgreind og markmið með þeim skýr, en á það vill skorta.

### 13. grein

Óljóst er hvaða aðili skuli meta hvort um vanrækslu sé að ræða skv. ákvæði þessarar greinar. Óeðlilegt er að Landgræðslan geti ein kvatt upp þann dóm.

### 16. grein

Samkvæmt þessari grein hefur Landgræðslan alræði um það hvort landnýting valdi rýrnun landkosta eða landspjöllum og getur skyldað umráðahafa til að kosta aðgerðir til úrbóta. Hér virðist vera um fortakslaust vald að ræða þar sem ekki er gert ráð fyrir andmælarétti líkt og gert er í 18. gr. um skylt efni. Hafa ber í huga að Landgræðslan er ekki skv. þessu frumvarpi aðeins eftirlits- og matsaðili, heldur einnig framkvæmdaaðili - hringinn í kringum borðið. Huga ætti einnig að því að samkvæmt skilgreiningu á hugtakinu "ástand lands" ber ekki aðeins að líta til gróðurs og jarðvegs heldur einnig til annars lífríkis.



Náttúrufræðistofnun telur að frumvarp þetta feli í sér verulegar bætur á löggjöf um landgræðslu og mælir með að það verði lagfært og samþykkt.

Virðingarfyllst,



Jón Gunnar Ottósson

Afrit sent Umhverfisnefnd Alþingis

